

## Minnisblað

### Efni: Minnisblað fyrir fjölskylduráðsfund þann 24. febrúar 2017 vegna fyrirspurnar um uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis á Sólvangssvæðinu.

Á fundi fjölskylduráðs þann 27. janúar s.l. lögðu fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. „Hver er ástæða þess að Hafnarfjarðarbær, eitt þeirra 10 sveitarfélaga sem farið hafa svokallaða leiguleið við uppbyggingu hjúkrunarheimila, hefur ákveðið að fela Sjúkratryggingum Íslands að fá einkaaðila til að sjá um rekstur heimilisins í stað þess að sjá sjálft um reksturinn eins og hin 9 sveitarfélögin hafa gert?
2. Undanfarin ár hefur það verið sameiginleg sýn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að færa beri sem mest af nærþjónustu við íbúana til sveitarfélagsins. Málefni aldraðra hafa jafnan verið nefnd sem sá málaflókkur sem næst skuli flytja til sveitarfélaga. Þýðir sú ákvörðun að segja sig frá rekstri hjúkrunarheimilisins að horfið hafi verið frá þessari stefnu?
3. Þar sem Hafnarfjarðarbær hefur sagt sig frá rekstri hjúkrunarheimilisins, eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, er þá ekki rétt að ríkið taki að sér byggingarframkvæmdir sem öllu jöfnu er verkefni ríkisins?
4. Liggur fyrir núna hvaða stefna eða hugmyndafræði muni liggja til grundvallar rekstri hjúkrunarheimilisins og mun hönnun heimilisins taka mið af þeirri hugmyndafræði?
5. Í þeim áætlunum sem nú er unnið með, er búið að tryggja fjármögnun enduruppbyggingar gamla Sólvangs með viðbótarhjúkrunarrýmum þar eins lagt var upp með í upphafi?“

1. „Hver er ástæða þess að Hafnarfjarðarbær, eitt þeirra 10 sveitarfélaga sem farið hafa svokallaða leiguleið við uppbyggingu hjúkrunarheimila, hefur ákveðið að fela Sjúkratryggingum Íslands að fá einkaaðila til að sjá um rekstur heimilisins í stað þess að sjá sjálft um reksturinn eins og hin 9 sveitarfélögin hafa gert?

Í samningi velferðarráðuneytis og Hafnarfjarðarbæjar sem undirritaður var þann 27. október 2016 segir að Sjúkratryggingar Íslands muni auglýsa eftir rekstraraðila fyrir hjúkrunarheimilið tólf mánuðum áður en verklok eru fyrirhuguð. Samkvæmt lögum um málefni aldraðra eru hjúkrunarheimili á verksviði ríkisins. Þau sveitarfélög sem tekið hafa að sér að reka hjúkrunarheimili fyrir ríkið hafa borið af því mikinn kostnað. Má í því sambandi nefna sem dæmi Garðabæ sem nýlega hefur falið Sjómannadagsráði reksturinn með samningi þar um.

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu eru rekstraraðilar þeirra heimila sem byggð hafa verið samkvæmt svo kallaðri leiguleið sem hér segir:

1. Borgarnes – Sjálfseignarstofnun í eigu sveitarfélaga rekur heimilið
2. Bolungarvík – Heilbrigðisstofnun Vestfjarða rekur heimilið
3. Ísafjörður – Heilbrigðisstofnun Vestfjarða rekur heimilið
4. Akureyri – Sveitarfélag rekur heimilið
5. Egilsstaðir - Heilbrigðisstofnun Austurlands rekur heimilið



6. Reykjanesbær – Sveitarfélagið gerði samning við Sjómannadagsráð um reksturinn
7. Mosfellsbær - Sveitarfélagið gerði samning við Eir um reksturinn
8. Garðabær – Sveitarf. gerði nýlega samning við Sjómannadagsráð um reksturinn
9. Seltjarnarnes – heimilið ekki byggt
10. Hafnarfjörður - heimilið ekki byggt

Eins og listinn hér að framan sýnir er einungis eitt þeirra sveitarfélaga sem gert hafa samning um svokallaða leiguleið og rekstur hjúkrunarheimila sem rekur sjálft hjúkrunarheimili og er það á Akureyri. Í Borgarnesi er sjálfseignarstofnun í eigu sveitarfélaga sem rekur heimilið. Hjá hinum sveitarfélögum sem búin eru að byggja hafa þau samið við aðra um reksturinn. Hins vegar bera sveitarfélögin fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum og hafa þurft að greiða með viðkomandi rekstri. Þannig má ljóst vera að mikill fjárhagslegur ávinningur er af því fyrir Hafnarfjarðarbæ að hafa ekki tekið að sér fjárhagslega ábyrgð á rekstri hjúkrunarheimilisins. Komið hefur t..d fram að Garðabær hefur verið að greiða um 100 milljónir króna á ári með rekstrinum þar.

**2. Undanfarin ár hefur það verið sameiginleg sýn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að færa beri sem mest af nærþjónustu við íbúana til sveitarfélagsins. Málefni aldraðra hafa jafnan verið nefnd sem sá málaflokkur sem næst skuli flytja til sveitarfélaga. Þýðir sú ákvörðun að segja sig frá rekstri hjúkrunarheimilisins að horfið hafi verið frá þessari stefnu?**

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um breyttar áherslur í málefnum eldri borgara í sveitarfélaginu. Þjónusta við íbúana er nærþjónusta sem mikilvægt er að sveitarfélagið skipuleggi og hafi yfirumsjón með. Rekstrarfyrirkomlag hjúkrunarheimilisins breytir ekki þeim áherslum. Áfram verður lögð áhersla á samþættingu þjónustu og samvinnu milli þjónustukerfa.

**3. Þar sem Hafnarfjarðarbær hefur sagt sig frá rekstri hjúkrunarheimilisins, eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, er þá ekki rétt að ríkið taki að sér byggingarframkvæmdir sem öllu jöfnu er verkefni ríkisins?**

Hafnarfjarðarbær skrifaði undir samning við heilbrigðisráðuneytið árið 2010 um byggingu hjúkrunarheimilis samkvæmt svokallaðri leiguleið. Sveitarfélagið er bundið af þeim samningi. Leggja ber áherslu á að ríkið hefur lagt áherslu á það við sveitarfélög að þau annist byggingu hjúkrunarheimila. Má í því sambandi nefna að nýverð hefur ríkið samið við sveitarfélög um byggingu þriggja hjúkrunarheimila samkvæmt hefðbundinni leið. Ríkið hefur ekki sjálft verið að byggja hjúkrunarheimili.

**4. Liggur fyrir núna hvaða stefna eða hugmyndafræði muni liggja til grundvallar rekstri hjúkrunarheimilisins og mun hönnun heimilisins taka mið af þeirri hugmyndafræði?**

Öll hönnun heimilisins tekur mið af stöðlum og viðmiðum velferðarráðuneytisins. Lögð verður áhersla á að sveitarfélagið geti haft áhrif á það starf sem fer fram á heimilinu og að til grundvallar verði vellíðan og nærgætni við íbúa.



**HAFNARFJÖRÐUR**

***5. Í þeim áætlunum sem nú er unnið með, er búið að tryggja fjármögnun enduruppbyggingar gamla Sólvangs með viðbótarhjúkrunarrýmum þar eins lagt var upp með í upphafi?“***

Nýlega var sent erindi til heilbrigðisráðherra þar sem óskað var eftir viðræðum um fjölgun hjúkrunarrýma í sveitarfélaginu. Í þeim samningi sem liggur fyrir er gert ráð fyrir 60 rýma hjúkrunarheimili. Óskað er eftir 20 rýmum til viðbótar sem myndu verða staðsett í Sólvangshúsinu. Ljóst er að mikil þörf er fyrir fleiri hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess hefur verið sýnt fram á hagkvæmi þess að reka 80 rýma heimili fremur en 60 rýma. Hugmyndir eru uppi um að á Sólvangi verði miðstöð þjónustu fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu. Áfram verður unnið að því að fjármagna það verkefni með aðkomu heilbrigðisráðuneytisins og framkvæmdasjóðs aldraðra.

Hafnarfjörður 17. febrúar 2017